

Gallon ehf.
Skútuvogi 1
104 Reykjavík

Reykjavík, 5. janúar 2023
UST202210-110/H.G.
08.08.01

Efni: Yfirfærsla starfsleyfis fyrir olíubirgðastöð á hafnarsvæðinu á Eskifirði

Vísað er til umsóknar Skeljungs hf. kt. 590269-1749 og Gallon ehf. kt. 630921-2280, sem barst Umhverfisstofnun þann 1. desember sl. þar sem óskað er eftir því að færa starfsleyfi Skeljungs hf. kt. 590269-1749 á hafnarsvæðinu á Eskifirði yfir á Gallon ehf. kt. 630921-2280. Starfsleyfi Skeljungs hf. var upphaflega gefið út þann 31. janúar 2018 og gildir til 31. janúar 2034.

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um færslu starfsleyfisins, sem er breyting á starfsleyfi, sbr. 6. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ekki er um að ræða breytingu á starfsleyfisskilyrðum og því þarf ekki að auglýsa breytinguna. Með ákvörðuninni færast réttindi og skyldur varðandi starfsleyfið til Gallon ehf.

Gjald fyrir breytingu á handhafa starfsleyfisins er 52.800 kr., skv. 4. gr. gjaldskrár stofnunarinnar nr. 535/2015.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um færslu starfsleyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunarinnar, sbr. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Hlín Gísladóttir
lögfræðingur